

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Umsögn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni um tillögu til þingsályktunar um hagsmunafulltrúa aldraðra

Stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um hagsmunafulltrúa aldraðra og styður eindregið tillöguna.

FEB minnir á “lög um málefni aldraðra nr. [125/1999](#) Lögin fela í sér þau markmið að gera öldruðum fært að lifa eðlilegu heimilislífi eins lengi og kostur er og að öldruðum sé tryggð þjónusta þegar hennar er þörf og í samræmi við þarfir hvers og eins.”

FEB telur ærna ástæðu til að nýta og þiggja alla þá krafta sem geta lagt öldruðum lið í þeim fjölmörgu málaflokkum sem snúa að velferð aldraðra, þmt þeim mikla frumskógi sem ríkir á sviði skatta-, trygginga- og heilbrigðismála. Einnig má bæta við flókinni uppbyggingu lífeyrissjóða sem erfitt er fyrir marga að átta sig á.

FEB telur mjög brýnt að hagsmunafulltrúi vinni hörðum höndum að því að stöðva tvísköttun á útgreiðslur úr lífeyrissjóðum ásamt því að dregið verði úr tekjutengingum almannatrygginga og frítekjumörk hækkuð.

Það er því full ástæða að vekja athygli á réttinda- og hagsmunamálum aldraðra og leiðbeina öldruðum um réttindi sín. FEB leggur sérstaka áherslu á að eftirlaunafólk búi við fjárhagslegt öryggi. FEB berst fyrir að öldruðum verði tryggð þjónusta við hæfi hvort sem um andlega, félagslega eða líkamlega þjónustu er að ræða.

Ef frekari upplýsinga eða skoðana er óskað er FEB ávallt tilbúið til viðræðna.

Reykjavík, 22. október 2019.

Fyrir hönd Félags eldri borgara,

Sigríður Snæbjörnsdóttir
varaformaður